



DAGUR ÍSLENSKRAR TÓNLISTAR

Fimmtudaginn 1. desember

Samsöngur og þjóðaráttak á samfélagsmiðlunum

Berum hróður íslenskrar tónlistar sem víðast

Í tilefni dagsins verður efnt til nýrrar herferðar sem ber titilinn “#IcelandMusicDay”, þar sem öll þjóðin tekur virkan þátt í markaðssetningu íslenskrar tónlistar á samfélagsmiðlum og hefur hana til vegs og virðingar á erlendri grund. #IcelandMusicDay, fer þannig fram að fólk velur uppáhalds íslensku lögin sín af tónlistarveitum eins og Spotify eða Yoube, deilir og merkir (taggar) 1-5 erlenda vini sína. Allir eru hvattir til að taka þátt og kynna íslenska tónlist fyrir erlendum vinum sínum í þessu samstillta átaki, sem er í fyrsta skipti svo vitað sé um að heil þjóð styðji svo þétt við bakið á sínu tónlistarfólki.

Máttur samfélagsmiðla er ótvíræður og eru því allir þátttakendur hvattir til að að virkja sem flesta, vini, vandamenn, fyrirtæki eða fjölskyldur, og bera þannig hróður íslenskrar tónlistar sem víðast á þessum merka degi. Allir samfélagsmiðlar eiga erindi í þessari herferð og því upplagt að deila tónlist á Facebook, Twitter, Instagram og Snapchat.

Eftirfarandi texta má nota þegar tónlistinni er deilt en þátttakendum er frjálst að nota sinn eigin og láta myllumerkið #IcelandMusicDay fylgja með:

Listen to some of my favourite Icelandic songs and share your own!
#IcelandMusicDay

ICELAND MUSIC DAY - DAGUR ÍSLENSKRAR TÓNLISTAR

Syngjum saman!

Kveikið á útvarpinu - syngið með þjóðinni
FIMMTUDAGINN 1. DESEMBER KL. 11:15

SAMTÖNN
ÍSLANDS

ÚTUM

ÚTUM

ÚTUM

SYNGJUM SAMAN!

Að venju verður efnt til þjóðarsamsöngs klukkan 11:15, en þá verður þremur lögum útvarpað á helstu útvarpsstöðvum landsins og allir landsmenn hvattir til að taka undir, hvar sem þeir eru staddir. Lögín má nálgast á facebook síðu dags íslenskrar tónlistar www.facebook.com/syngjumsaman

Lögín eru “Vísur Vatnsenda-Rósu” (Skáld-Rósa/Þjóðlag/Jón Ásgeirsson), “Hver á sér fegra föðurland” (Hulda/Emil Thoroddsen) og “Sautjánþúsund sólargeislar” úr Bláa hnettinum (Bergur Þór Ingólfsson/Kristjana Stefánsdóttir). Fyrri tvö lögín þekkir þjóðin vel, það þriðja er nýtt, en undurfagurt, og má sjá myndband með laginu, sem og hinum tveimur, á facebook síðu dags íslenskrar tónlistar.

Útvarpað verður frá Hörpu, flytjendur laganna verða:

Sautjánþúsund sólargeislar:

Börnín í Bláa hnettinum og Kristjana Stefánsdóttir.

Vísur Vatnsenda-Rósu: Sísí Ey og Eyþór Gunnarsson

Hver á sér fegra föðurland: Oktettinn Fjárlaganefndin

Nánari upplýsingar veitir Margrét Kristín Sigurðardóttir

fabula@itn.is - Sími 8613112